

Sóley S. Bender, hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

FERLISMAT Á NÝJU KYNFRÆÐSLUEFNI FYRIR UNGLINGA

ÚTDRÁTTUR

Við þróun kynfræðslunámsefnis fyrir unglunga er mælt með því að þeir séu virkir þátttakendur í ferlinu og er það talið mikilvægt til þess að námsefnið nái betur til þessa aldurshóps. Tilgangur þessarar rannsóknar var að forprófa nýtt námsefni meðal unglunga og skoða kosti og takmarkanir innleiðingar þess. Nýtt kynfræðsluefni, samtals átta kennslustundir, var forprófað í sex 8. bekkjum eins grunnskóla í Reykjavík haustið 2010. Sjö nemendur í framhaldsnámi við Háskóla Íslands sáu um kynfræðsluna auk þess sem höfundur kom að kennslunni. Til þess að fylgjast jafnóðum með framvindu kennslunnar var gert ferlismat á innleiðingu hennar. Til grundvallar því mati voru lagðir ákveðnir matsþættir fyrir hverja kennslustund í heild sinni og fyrir hvern efnispátt hennar en einnig skiluðu nemendur skriflegum niðurstöðum úr hópæfingum. Niðurstöður sýndu að nemendur voru áhugasamir um efnið og tóku að jafnaði virkan þátt í hópæfingunum. Kennurunum gekk almennt vel að kenna efnið en fannst þeir þurfa meiri tíma til að vinna æfingarnar. Alls fengu 87% æfinga og allar metnar glærur mjög gott eða gott mat. Fram komu margar góðar hugmyndir frá nemendum við úrvinnslu hópæfinga og það sýndi góðan skilning þeirra á efniinu. Í lok kennslunnar höfðu nemendur náð heildrænum skilningi á kynheilbrigði. Hópastarf er kennslufræðilega krefjandi. Þjálfun í hópastarfi er því mikilvægur undirbúningur undir þessa kennslu. Námsefnið er álitlegt til frekari prufukennslu í nokkrum skólum eftir að búið er að taka mið af athugasemdum þessarar forprófunar.

Lykilorð: Kynfræðsla, unglingar, ferlismat.

INNGANGUR

Ríkisáhrslahefur verið lögð á alhliða kynfræðsluefni (*comprehensive sexuality education*) um allnokkurt skeið bæði vestan hafs og austan (FoSE, 2011; IPPF, 2010; SIECUS, 2004; UNESCO, 2009; Wilkenmann og Ketting, 2011). Alhliða kynfræðsla er með víðtæka nálgun. Það er viðurkennt að einstaklingurinn hefur kynferðislegar tilfinningar, verði kynferðislega virkur og þurfi á því að halda að átta sig á mörgum hliðum kynlífs. Hann þurfi því að fá markvissa fræðslu, skoða viðhorf og öðlast færni sem hjálpar honum að taka góðar ákvarðanir varðandi kynlíf og vera ábyrgur gjörða sinna. Ýmsar stofnanir svo sem kynfræðslusamtökin í Bandaríkjunum (SIECUS= Sexuality Information and Education Council of the United States), Alþjóðasamtök um fjölskylduáætlun (IPPF= International

ENGLISH SUMMARY

Bender, S.S

THE ICELANDIC JOURNAL OF NURSING (2012), 88 (4), 48-56

NEW SEXUALITY EDUCATION PROGRAM: PROCESS EVALUATION

Active participation of adolescents in the development of a sexuality education program is recommended. Such an approach is important to make a program more suitable for this age group. The purpose of this research project was to pilot test a new sexuality education program for adolescents and explore the costs and benefits of its implementation. A new sexuality education curriculum of eight lessons was pilot tested in six classes among eight grade students within one primary school in Reykjavík in the fall of 2010. Seven graduate students at the University of Iceland taught the lessons along with the author. Process evaluation was performed in order to find out how the teaching proceeded. This evaluation was based on an overall evaluation of each lesson and its parts as well as written outcomes of the exercises by the students. The results showed great interest among the students in the subject and they were participating actively in the group exercises most of the time. Generally the teaching went well but the teachers found the group exercises time consuming. In total 87% of the group exercises and all of the evaluated transparencies received very good or good scores. The group exercises created many good ideas among the students which demonstrated their good understanding of the content. In the end of the teaching the students had grasped the holistic view of sexual and reproductive health. The group exercises were pedagogically demanding and it is therefore important to be trained in group work before teaching this curriculum. The program is promising for further testing in some schools after taking the recommended changes of this pilot test into consideration.

Keywords: Sex education, adolescents, process evaluation.

Correspondance: ssb@hi.is

Um höfundinn

Dr. Sóley S. Bender er prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og forstöðumaður fræðasviðs um kynheilbrigði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og Landspítala.

About the authors:

Sóley S. Bender, PhD, is a Professor at the University of Iceland Faculty of Nursing and Director of research and development in sexual and reproductive health at the University of Iceland Faculty of Nursing and Landspítali University Hospital.

Hagsmunatengsl: Engin.

Conflicts of interest: None.

Planned Parenthood Federation) og Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna hafa tekið saman leiðbeiningar varðandi þróun kynfræðslu. Mikilvægi slíkra leiðbeininga felst einkum í því að tryggja ákveðna grunnþætti kennslunnar, samræma hana og stuðla að gæðum hennar. Kynfræðsla felur meðal annars í sér að veita upplýsingar en ekki síður að móta viðhorf, skoðanir og gildismat. Henni er einnig ætlað að auka færni einstaklingsins á ýmsum sviðum þannig að hann sé fær um að geta tjáð sig við kynlífsfélaga, geta tekið góðar ákvarðanir og kunna að setja öðrum mörk. Auk þess þarf hann að geta gert sér grein fyrir ýmsum áhættum og afleiðingum óábyrgrar kynhegðunar og kunna leiðir til að koma í veg fyrir þær. Lengi vel byggðist kynfræðslan á þekkingarlegum atriðum um kynsjúkdóma og getnaðarvarnir en veruleg breyting hefur orðið þar á. Í ljós hefur komið að þekkingin ein og sér er engan veginn nægjanleg til að hafa áhrif á kynhegðun einstaklingsins (Talashek o.fl., 2003). Það hefur margoft komið í ljós að þó að unglingar hafi þekkingu til dæmis á afleiðingum óábyrgrar kynhegðunar þá hafi hún ekki orðið til þess að þeir taki góðar ákvarðanir um eigið kynlíf. Þannig er ekki alltaf samband á milli þekkingar og ábyrgrar kynhegðunar (Lou og Chen, 2009). Í viðamiklum kerfisbundnum úttektum á rannsóknum á kynfræðslu hafa komið í ljós ákveðin sameiginleg atriði sem meðal annars skipta sköpum til að ná árangri hvað varðar ábyrga kynhegðun (Kirby, 2001, 2002, 2007). Meðal þessara atriða eru hugmyndafræðilegur grunnur, kennsluáðferðir sem felast í að virkja nemendur og áherslur kennslunnar. Námsfernið sem hér er lagt til grundvallar byggist á hugmyndafræðilegum forsendum, leggur ríka áherslu á að virkja nemendur í kennslustund og fer í mikilvæg áhersluatriði í kennslunni svo sem tjáskipti og ábyrgt kynlíf.

Á síðasta aldarfjórðungi hefur margvíslegt kynfræðsluferni, sem ætlað hefur verið til kennslu í efstu bekkjum grunnskólans, litið dagsins ljós í íslensku samfélagi. Kynfræðslufernið *Lifsgildi og ákvarðanir*, sem byrjað var að nota hér á landi árið 1991, var bandarískt námsefni sem var þýtt og staðfært fyrir íslenskar aðstæður og var fyrsta alhliða kynfræðslufernið sem var kennt í skólum landsins (Forliti o.fl., 1991). Það samanstóð af kennsluleiðbeiningum, margvíslegum verkefnum og heimaverkefnum, handbók fyrir foreldra og myndbandi með fjölda stuttra myndskreiða. Það var samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og var höfundur ritstjóri þess. Áður en það var tekið í notkun var gerð rannsókn á námsefninu, meðal nemenda í 7. og 8. bekk grunnskólans, sem byggðist á hálftilraunasniði (Arna Axelsdóttir o.fl., 1990). Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu meðal annars að námsefnið bætti marktækt þekkingu nemenda og stuðlaði að auknum tjáskiptum milli unglunga og foreldra um kynheilbrigði. Árið 1993 var gerð rannsókn á landsvísu meðal grunnskólakennara sem sýndi að 63% þeirra studdust við kynfræðslufernið *Lifsgildi og ákvarðanir* (Jóna Björg Pálsdóttir og Þorbjörg Harðardóttir, 1993). Önnur rannsókn, sem byggðist á viðtölum við skólahjúkrunarfræðinga árið 1994, leiddi í ljós að miklar breytingar urðu með tilkomu kynfræðslufernisins *Lifsgildi og ákvarðanir* eins og einn þeirra orðaði það: „Svo kom námsefnið *Lifsgildi og ákvarðanir* 1991 og það var bara nýr heimur fyrir allt skólakerfið og mjög

margir kennarar tóku efninu fagnandi og hafa kennt það“ (Steinunn Agnarsdóttir, 1994, bls. 32). Fyrir nokkrum árum voru gefin út tvö heildstæð námsefni um kynfræðslu á vegum Námsgagnastofnunar sem ætluð eru til kennslu á grunnskólastigi. Hið fyrra er eftir Ásdísi Olsen og kom út árið 2006 og nefnist *Kynlíf*. Efnið samanstendur af kennsluleiðbeiningum, foreldraefni, nemendahefti í formi unglingatímarits og fræðslumyndböndum í sex hlutum (forfallakennarinn). Mælt er með efninu fyrir nemendur í 8. bekk grunnskólans. Greint er frá því í kennsluleiðbeiningunum að námsefnið byggji á fjölgreindakenningu og að aðferðir skemmtimenntar (*edutainment*) séu notaðar til að koma efninu til skila. Ýmiss verkefni og æfingar eru lagðar til grundvallar efninu. Síðara kynfræðslufernið *Um stelpur og stráka* kom út árið 2006 og er eftir Erlu Ragnarsdóttur og Þórhöllu Arnardóttur. Kennsluleiðbeiningarnar eru í fjórum köflum en ekki er tilgreint hvaða hugmyndafræðilegi rammri eða kenningar séu lagðar til grundvallar. Margar góðar hugmyndir eru settar fram í báðum þessum námsefnum og byggjast þau bæði á því að virkja nemendur. Takmarkanir þessara tveggja námsefna felast meðal annars í því að nemendur komu ekki að þróun þeirra, þau voru ekki rannsökuð fyrir notkun og frá því að þau voru tekin í notkun hefur árangur þeirra hvað varðar viðhorf, þekkingu og kynhegðun nemenda ekki verið metinn. Hér á landi skortir því á að próa námsefni í samvinnu við unglunga en slík aðferð skiptir miklu máli til að ná auknum árangri (Brindis og Davis, 1998; DiCenso o.fl., 2002; Kirby 2007). Því var farin sú leið að hanna kynfræðsluferni ætlað nemendum í 8. bekk grunnskólans og forprófa það efni meðal þeirra í þeim tilgangi að skoða hvaða þættir næðu til unglunga og væru mikilvægir og hverju þau hefðu síður áhuga á og þyrfti þá að breyta eða sleppa. Kynfræðslufernið fékk vinnuheitidi *Kynveruleiki í ljósi kynheilbrigðis* (KÍK) (Sóley S. Bender, 2010a). Meginástæða þess að 13 ára unglingar urðu fyrir valinu er sú breyting sem verður á kynhegðun unglunga á milli 13 ára og 14 ára aldurs. Samkvæmt landskönnun sem gerð var meðal 17-20 ára unglunga árið 1996 sögðust alls 7,6% hafa byrjað að hafa samfarir 13 ára eða yngri en við 14 ára aldurinn voru það 25,5% (Bender o.fl., 2004). Í endurtekinni landskönnun meðal 18-20 ára unglunga árið 2009 var hlutfallið 4,6% meðal 13 ára og 17,7% meðal 14 ára unglunga (Sóley S. Bender, 2010b). Hér á landi glíma unglingar við ýmis vandamál á þessu sviði bæði hvað varðar þunganir unglingsstúlkna og kynsjúkdóma (Bender, Geirsson og Kosunen, 2003; Landlæknisembættið, 2010a, 2012). Námsfernið er í anda markmiða heilbrigðisáætlunar þar sem stefnt hefur verið að því að lækka tíðni þessara lýðheilsuvandamála (Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2001). Tilgangur þessa ferlismats var að skoða hvernig gengi að kenna KÍK, kosti þess og takmarkanir ásamt því hvernig nemendum tækist að vinna úr verkefnum.

AÐFERÐ

Rannsóknarsnið

Rannsókn þessi byggist á ferlismati (*process evaluation*) (Linnan og Steckler, 2002) sem getur bæði verið megindlegt og eigindlegt. Aðferðin hefur meðal annars verið notuð til að meta innleiðingu á kynfræðslu í skólum (Al-Iryani o.fl., 2010; Mukoma o.fl., 2009). Í þessari rannsókn er stuðst við

bæði megindlegar og eigindlegar upplýsingar. Ferlismat er notað þegar skoða þarf hvernig gengur að innleiða inngrip (*intervention*) en inngripið getur verið af ýmsum toga. Í þessu tilviki er inngripið kynfræðsla. Með aðferðinni er meðal annars hægt að skoða gæði inngripsins og nákvæmni þess. Linnan og Steckler nefna atriði sem eru mikilvæg í ferlismati sem eru samhengi við hið stærra umhverfi (*context*), til hversra inngripið nær (*reach*), hversu viðamikili inngripið er (*dose delivered*), hversu virkir þátttakendur eru í innleiðingunni (*dose received*), hversu vel inngripið var framkvæmt samkvæmt áætlun (*fidelity*), í hversu miklu mæli inngripið var innleitt og mótttekið af þeim sem það var ætlað (*implementation*) og leiðir sem voru farnar til að ná í þátttakendur (*recruitment*). Í þessari grein er komið inn á flesta þessa þætti en lögð megináhersla á innleiðingu kynfræðslunnar (*implementation*). Við ferlismat er unnt að leggja til grundvallar ýmiss konar gögn (Linnan og Steckler, 2002). Í þessari rannsókn var fylgst með því frá upphafi hvernig kynfræðslan gekk fyrir sig og lögð var áhersla á skráðar upplýsingar frá kennurum og nemendum.

Úrtak

Nýtt kynfræðsluefni fyrir 8. bekk var forprófað í einum grunnskóla í Reykjavík haustið 2010. Það var kennt í sex bekkjum. Alls voru 141 nemendur skráðir í 8. bekk haustið 2010 í viðkomandi skóla og tóku þátt í forprófun kynfræðsluefnisins.

Kynfræðsluefnið

Kynfræðsluefnið byggist á leiðbeiningum um alhlíða kynfræðslu Kynfræðslusamtaka Bandaríkjanna (SIECUS, 2004), rannsóknarniðurstöðum Kirby (2001, 2002, 2007) um árangur kynfræðslunámsefnis, alhlíða kynfræðslunámsefninu *Lífsgildi og ákvarðanir* og rannsóknnum höfundar á kynheilbrigði unglunga. Námsefnið samanstóð af átta kennslustundum og mynduðu tvær kennslustundir eina heild og nefndust þær *Sjálfsmynd, Samskipti, Kynjamunur og Forvarnir*. Innan *sjálfsmyndar* var lögð áhersla á styrkleika og virðingu. Innan *samskipta* voru meginefnisþættir tjáskipti og ákvarðanir. Í þriðja hlutanum um *kynjamun* var fjallað um kynþroskabreytingar og jafnrétti. Í síðustu lotunni um *forvarnir* voru ábyrgð og sjálfstjórn meginviðfangsefnin. Alls voru 24 æfingar lagðar til grundvallar í kennsluefninu (tafla 1).

Tilgangur námsefnisins er að stuðla að kynheilbrigði unglunga. Með námsefninu er lagður grunnur að þekkingu, viðhorfum og færni í samskiptum sem stuðla að ábyrgu, öruggu og góðu kynlífi þegar að því kemur að unglingurinn byrjar að stunda kynlíf. Með því móti eru líkur á því að hann komi í veg fyrir vandamál á þessu sviði eins og kynsjúkdóma og óráðgerðar þunganir. Með námsefninu er lögð áhersla á þær líkamlegu og sálfélagslegu breytingar sem verða á unglingsárunum, en á þessum tíma er unglingurinn að gera sér grein fyrir sjálfum sér og byggja upp sjálfsvirðingu sem mótast af samskiptum hans við aðra. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að koma fram við aðra af heiðarleika og af umhyggju og sýna sjálfstjórn og ábyrgð í tali og gjörðum. Jafnframt er fjallað um að geta á frjálstan og ábyrgan hátt tjáð kynferðislegar tilfinningar sínar og þroskað með sér næmni á tilfinningar annarra. Í gegnum

námsefnið lærir unglingurinn að gera sér grein fyrir því að kynferðislegt samband einkennist af trúnaði og samþykki beggja og er báðum til ánægju þar sem að engar þvinganir eiga sér stað. Jafnframt er lögð áhersla á að góðar upplýsingar eru grunnur að góðum ákvörðunum.

Námsefnið byggist á hugmyndafræði um kynheilbrigði (*sexual- and reproductive health*) (Robinson o.fl., 2002; Tolman o.fl., 2003), seiglu (*resilience*) (Rew og Horner, 2003; Thompson, 2006) og félagsnámskenningu (*social learning/cognitive theory*) (Bandura, 2001, 2004). Hugmyndafræðin miðast við að unglingurinn sé að þroskast sem kynvera, að hann þurfi að þroska með sér ákveðna styrkleika og að hann sé virkur einstaklingur sem mótar umhverfi sitt en verður jafnframt fyrir áhrifum frá því. Undirtónn hversrar kennslustundar þessa námsefnis er kynheilbrigði. Kynheilbrigði nær til líkamlegra, andlegra og félagslegra þátta kynverunnar. Það felur í sér bæði kynlífsheilbrigði (*sexual health*) og frjósemisheilbrigði (*reproductive health*). Kynlíf (*sexuality*) höfðar til alls þess er varðar kynveruna svo sem skynjun einstaklingsins á sjálfum sér sem kynveru, kynhrif, ást, kynlöngun, sjálfsróun, kynferðisleg atlot og kynmök. Frjósemin nær til þess að hafa möguleika á því að eignast barn þegar einstaklingurinn er tilbúinn til þess. Í námsefninu er farið yfir mikilvæga þætti til að varast kynsjúkdóma og vernda frjósemina. Jafnframt er fjallað um að nota getnaðarvarnir á þeim tíma sem ætlunin er að koma í veg fyrir barneign. Út frá hugmyndafræðilegum ramma um seiglu er gengið út frá styrkleikum unglingsins (*protective factors*) í stað áhættuþegðunar og þannig verður áherslan á getu í stað vangetu. Mikilvægir þættir eru meðal annars sjálfsvirðing, sjálfstæð hugsun og sjálfstjórn. Með námsefninu er lögð áhersla á að styrkja einstaklinginn og færni hans til að takast á við ýmsar áhættusamar aðstæður þannig að hann sé líklegri til að geta stuðlað að sínu eigin kynheilbrigði. Námsefnið stuðlar að þessu með því meðal annars að byggja upp þekkingu og færni einstaklingsins til að takast á við ýmsar aðstæður. Þegar einstaklingurinn stendur frammi fyrir ólíkum aðstæðum reynir á hann sjálfan. Því er það mikils virði að hann hafi fyrirfram myndað sér nægjanlega skýra sýn á aðstæðurnar, nægjanlega þekkingu til að byggja á og búi yfir skýru gildismati og kjarki til að takast á við aðstæðurnar á uppbyggjandi hátt. Einstaklingur með óstyrka sjálfsmynd, litla sjálfsvirðingu og litla trú á sjálfum sér er mun ólíklegri til að setja mörk í kynferðislegu sambandi og tekur því oft meiri áhættu en ella. Einnig er lagt upp með hugmyndafræði félagsnámskenningar. Á unglingsárunum verður unglingurinn fyrir áhrifum frá umhverfi sínu og þeim mikilvægu einstaklingum sem eru í umhverfi hans en hann er jafnframt mótandi á umhverfi sitt. Unglingurinn er í leit að sjálfum sér og leitar í vaxandi mæli til jafningja sinna að upplýsingum, stuðningi og staðfestingu á sjálfum sér. Hann fylgist með öðrum og lærir af þeim en lærir líka af þeim upplýsingum sem hann fær. Námsefnið leggur áherslu á félagsleg samskipti nemenda í gegnum hópastarf og þau verkefni sem hópurinn vinnur saman. Í hópunum þurfa nemendur að deila viðhorfum sínum og hugsunum, taka tillit til hvors annars, hlusta og meðtaka. Með æfingunum skoða þau samskipti, áhrif frá öðrum og kynferðislegan þrýsting og þróa með sér gagnrýna hugsun.

Tafla 1. Kynfræðsluefnið Kynveruleiki í ljósi kynheilbrigðis (KÍK).

Kennslulota	Efnisþættir	Númer æfinga	Heiti æfingar
Sjálfsmynd	1. Styrkleikar	1.1.	Hugmyndir að góðum bekkjareglum
		1.2.	Hugtakið kynlíf
		1.3.	Hvað felst í sjálfstrausti
		1.4.	Jákvæðir eiginleikar
	2. Virðing	2.1.	Gildi sjálfsvirðingar
		2.2.	Sjálfsvirðing og virðing fyrir öðrum sett í samhengi
Samskipti	3. Tjáskipti	3.1.	Gildi tjáskipta í kynferðislegum samböndum
		3.2.	Afleiðingar lítilla eða engra tjáskipta
		3.3.	Þættir sem hindra góð tjáskipti
	4. Ákvarðanir	4.1.	Hvað felst í góðum ákvörðunum
		4.2.	Hvernig lífsgildi hafa áhrif á ákvarðanatöku
		4.3.	Ákvarðanatöku í kynferðislegu sambandi
Kynjamunur	5. Breytingar	5.1.	Kynþroskabreytingar hjá strákurum og stelpum
		5.2.	Breytingar á tilfinningum
		5.3.	Hafa stjórn á tilfinningum
	6. Jafnrétti	6.1.	Mismunandi viðhorf til kynjanna
		6.2.	Staðlaðar ímyndir um kynin
		6.3.	Kynjamisrétti - áhrif á kynheilbrigði fólks
Forvarnir	7. Ábyrgð	7.1.	Kynferðislegur þrýstingur
		7.2.	Ábyrg smokkanotkun
		7.3.	Ábyrg notkun getnaðarvarna
	8. Sjálfstjórn	8.1.	Heiðarleiki, umhyggja og ábyrgð í samskiptum við hitt kynið
		8.2.	Átak gegn kynsjúkdómum
		8.3.	Kynheilbrigði

Matstæki

Útbúin voru sérstök matsblöð fyrir hverja kennslustund í heild sinni og fyrir afmarkaða þætti hennar og voru matsblöðin þróuð af höfundu. Í heildarmatinu á kennslustundinni áttu kennarar að meta hvernig þeim fannst að byggja kennsluna upp á æfingum, hvað þeim fannst gagnlegast við efnið og hvað þeim fannst að þyrfti að breyta eða bæta. Í kennslumati á innihaldi hvernar kennslustundar mátu kennarar hverja æfingu á kvarðanum 1-5 þar sem 1 var mjög gagnleg og 5 ekki gagnleg. Einnig lögðu þeir mat á allar glærurnar á sama kvarða (1-5). Að auki höfðu þeir möguleika á því að lýsa með orðum hvað þeim fannst gagnlegt, hvað vantaði eða þyrfti að bæta og hvernig þeim fannst nemendur taka efninu. Þegar nemendur unnu æfingar þurftu þeir yfirleitt að skrá hugmyndir hópans á blöð sem var dreift til þeirra. Þessum skráðu hugmyndum frá hópnum var safnað saman undir lok hvernar æfingar.

Framkvæmd og gagnasöfnun

Forþrófun á kennsluefninu fór fram á tímabilinu 12. október til 12. desember 2010. Náms efnið var kennt í samvinnu við lífsleikni- og samfélagsfræðikennara viðkomandi skóla. Þeir háskólanemar sem kenndu efnið voru annars vegar lærður kennari og meistaranemi í lýðheilsuvísindum við Háskóla

Íslands sem hefur áður kennt kynfræðslu og kenndi hann fjórum bekkjum. Hins vegar komu sex nemendur á 2. ári í ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands að kennslunni og höfðu tveir þeirra reynslu af því að kenna kynfræðslu. Jafnframt kenndi höfundur tvær kennslustundir. Áður en kennslan hófst fór höfundur í gegnum efnið með þeim og ýmsar mikilvægar áherslur í kynfræðslu almennt. Nemendurnir í ljósmóðurfræði kenndu tveimur bekkjum tvo samliggjandi tíma í hvort sinn og voru tveir namar saman með kennsluna. Kennarar í lífsleikni eða samfélagsfræði voru viðstaddir flestar kennslustundirnar. Áður en kennslan hófst fengu kennarar í hendurnar matsblöð sem þeir fylltu út í lok hvernar kennslustundar og söfnuðu þeir saman svörum nemenda. Hér eftirleiddis verður hugtakið kennari notað yfir þá sem kenndu kynfræðsluefnið þ.e. meistaraneminn og nemendur í ljósmóðurfræði.

Rannsóknarleyfi

Áður en rannsóknin var framkvæmd voru fengin leyfi Vísindasiðanefndar (VSNb2010080006/03.7), Menntasviðs Reykjavíkurborgar, skólastjóra viðkomandi skóla og foreldra unglínganna. Einnig var rannsóknin tilkynnt til Persónuverndar (S4941/2010).

Gagnagreining

Gagnagreiningin byggðist annars vegar á mati kennara og hins vegar á úrvinnslu æfinga. Tekið var saman mat kennara á æfingum og glærum. Farið var í gegnum skriflegar upplýsingar á matsblöðum um kosti og takmarkanir námsefnisins og dregin fram meginatriði þessara flokka. Skoðaðar voru úrlausnir nemenda úr æfingunum og niðurstöður sömu æfinga flokkaðar saman. Hér er aðeins unnt að gera grein fyrir niðurstöðum úr hluta þessara æfinga.

NIÐURSTÖÐUR

Í byrjun er gerð grein fyrir niðurstöðum er varða námsefnið í heild sinni og þætti sem hafa áhrif á gang kennslunnar, síðan er gerð grein fyrir úrvinnslu æfinga og að lokum er farið í helstu

kosti, takmarkanir námsefnisins og hugmyndir um úrbætur. Námsefnið byggðist að miklu leyti á virkri þátttöku nemenda í æfingum. Þetta var að nokkru leyti framandi bæði fyrir kennara og nemendur þar sem oft byggjast kennslustundir frekar á framsögu kennarans. Í heildina kom í ljós að nemendur sýndu tímunum mikinn áhuga og voru að jafnaði virk í æfingavinnunni og varð það kveikja að ýmsum spurningum. Kennurum fannst æfingarnar reyna töluvert á nemendur og það hefði sérstaklega verið lærdómsríkt fyrir þá að taka þátt í hópumræðum sem og að þurfa að greina frá niðurstöðum þeirra. Í sumum tilvikum þurftu nemendur á hvatningu að halda til að komast af stað með æfingarnar en það var þó mismunandi eftir bekkjum og æfingum. Fram kom hjá kennurum að nemendur væru á mjög ólíku þroskastigi. Sumir töluðu eins og þeir væru mjög vanir því að stunda kynlíf og vissu helmikið um það á meðan

Tafla 2. Niðurstöður úr fjórum æfingum sem nemendur unnu.

Hugtakið kynlíf Æfing 1.2.	Hvað felst í sjálfstrausti Æfing 1.3.	Það sem hindrar góð tjáskipti* Æfing 3.3.	Ákvarðanataka í kynferðislegu sambandi** Æfing 4.3.
Þegar fólk elskast	Pora öllu!	Misskilningur	Vill biða með það
Fólk fær fullnægingu	Hafa trú á sjálfum sér	Feimni	Of ung og óreynd
Líkamlegt samband stelpu og stráks	Koma vel fram við aðra	Finnst vandræðalegt	Hópprýstingur
Kynlíf er gott	Pora að tala um kynlíf við rekkjunaut	Treysta á heppni	Hrædd við óléttuna
Ást	Ófeiminn	Of gróð	Hrædd við kynsjúkdóma
Ást og rólegheit	Óhræddur	Vilja ekki stoppa	Vill ekki hafa samfarir
Tilfinningar	Þér finnst þú ekki vandræðalegur	Alltof æst	Elska ekki hvort annað nógu mikið
Klám	Líta jákvætt á sjálfan sig	Hrædd um að hinn fari að hlæja	Órugg
Samfarir, kynmök, mök, ríða, gera það	Pora að koma fram	Nenna því ekki	Finna þann rétta fyrst
Njóta ásta	Pora að gera sig að fifli	Áhugaleysi	Feimin við manneskjuna
Smokkur, getnaðarvarnarpillan	Jákvæðni	Eru drukkin	Hún er flöt og hrædd við typpi
Nakið fólk	Virða aðra	Hræðsla	Hræddur við hitt kynið
Fólk leikur sér saman	Stoppar þegar gengur of langt	Áhugaleysi	Lítið sjálftraust
Kynfæri, typpi, pika,	Geta talað um margt	Pora ekki að tala um sig	Þeir ekki að viðurkenna að sé hommi
Börn, fjölgun	Vera sáttur við sjálfan sig	Óöruggi	Langar ekki að missa meydóminn/sveindóminn
Fólk nakið uppi í rúmi	Öruggur	Ekki með sjálfstraust	Ekki tilbúin líkamlega eða andlega
Skemmtun	Trúir og ber virðingu fyrir sjálfum sér	Þekkjast lítið	Treystir ekki hinni manneskjunni
Kynlíf er þegar fólk elskast nakið upp í rúmi, borði, gólf, upp á fjalli, í bát, í bíl	Þeir að vera öðruvísi	Töffaraskapur	Vandræðalegt ef foreldrar komast að því
Tveir ástfangnir einstaklingar að njóta sín		Lætur eins og sé alveg sama	Geta ekki reddað getnaðarvörn
		Annar aðilinn vill ekki tala um það	Ekki til í tuskið
		Óþægilegt	Of þreytt
		Asnalegt	Á túr
		Hinn aðilinn gerir kannski grín að manni	Hinn aðilinn gerir kannski grín að manni
		Flyta sér	Flyta sér
		Ung og óreynd	Ung og óreynd
		Það er geggjað vandró	Það er geggjað vandró


aðrir voru óreyndari og höfðu miklu minni vitneskju. Jafnframt voru bekkirnir ólíkir, í sumum þeirra var nokkur óróleiki en í öðrum gætti meira jafnvægis. Að auki voru sumir bekkir „lokaðri“ og með feimnari einstaklinga. Í „lokuðu“ bekkjunum þorðu nemendur síður að spyrja spurninga. Einnig kom fyrir að nemendur storkuðu umhverfi sínu með djörfum og jafnvel óviðeigandi hugmyndum og athugasemdum. Fyrsta verkefnið sem nemendur unnu voru bekkjareglur sem kennarinn gat vísað til síðar í kennslunni. Dæmi um bekkjareglur voru: Má ekki gera grín, gæta trúnaðar, ekki kjafta, hlusta á aðra, engin fliss og gól, bannað að tala þegar aðrir eru að tala, sýna tillitssemi, má ekki grípa fram í, bannað að hlæja að öðrum, sýna öðrum virðingu og rétta upp hönd. Bekkjareglurnar voru hengdar upp í stofu bekkjarins og voru hópunum leiðbeinandi um samskipti.

Úrvinnsla æfinga

Lagt var mat á allar æfingar nema æfingu 1.1. sem var um bekkjarreglur. Nemendur komu fram með margar hugmyndir varðandi æfingarnar eins og fram kemur í töflu 2. Í æfingunni um hugmyndir þeirra um hugtakið kynlíf (1.2) komu þeir fram með viðtækar hugmyndir en einnig hefðbundnar eins og samfarir, mök og kynmök. Sjálfstraustsæfingin (1.3) leiddi í ljós atriði eins og að hafa trú á sjálfum sér, vera ófeiminn og að koma vel fram við aðra.

Í æfingu (3.3) um hvað hindrar þau við að ræða saman um kynlíf og smokkanotkun komu fram hugmyndir eins og að það væri vegna misskilnings, feimni, væri vandræðalegt, þau væru hrædd og þorðu ekki að tala saman. Við vinnslu æfingar (4.1) um kosti smokkanotkunar komu nemendur til dæmis fram með mikilvæg atriði eins og að koma í veg fyrir kynsjúkdóma, stelpa yrði ekki ólétt, þeir væru sleipir, fengjust í öllum búðum, kynlífið væri betra og þægilegra. Æfing (4.3) um ástæður þess að vera ekki tilbúinn að stunda kynlíf nefndu nemendur meðal annars ungan aldur, hópþrýsting, hrædd við óléttuna, hrædd við kynsjúkdóma, elska ekki hvort annað nógu mikið og óörugg. Ýmsir athyglisverðir þættir komu fram við æfingavinnu nemenda. Í einni æfingu um kynhrif (5.2) komu til dæmis fram mjög ólíkar hugmyndir kynjanna um hvort annað. Strákarnir nefndu fremur líkamlega þætti eins og stór brjóst, ekki feit, grönn, vel vaxin, ekki með bólur, stór rass og sæt. Stelpurnar voru uppteknari af sálfélaglegum þáttum eins og að hann væri góður vinur, skemmtilegur, fyndinn, ekki með stæla, blíður, gott að ræða við og jákvæður. Þessi ólíku viðhorf komu þeim sjálfum á óvart. Fram kom í einni æfingunni um jafnrétti (6.1) að bæði kynin ættu að bera ábyrgð á notkun getnaðarvarna en það kom á óvart að þeim fannst að stelpur ættu ekki að vita allt um kynlíf heldur einungis strákarnir. Bæði kyn voru sammála um þetta atriði. Ein æfing (6.3) um kynjamerktu var ætlað að koma inn á umfjöllun um klám. Hér áttu nemendur að skoða nokkrar myndir sem var dreift á milli hópanna og lýsa því sem þeir læsu út úr myndunum. Myndirnar höfðu það sameiginlegt að vera listaverk eftir vel þekkta málara. Tvær myndir voru eftir Alfreð Flóka og ein eftir Edvard Munch. Myndir Flóka voru af nöktum konum, alls kyns furðuverum og getnaðarlimum. Mynd Munch var af nöktu pari sem stóð við glugga og héldu utan um

hvort annað. Nemendum fannst myndir Flóka ekki vera klám. Þeir sögðu að klám væri miklu grófara en nefndu jafnframt að skrímslin í myndum Flóka væru að nota konuna og að hún vildi það ekki. Við mynd Munch sögðu þeir að parið væri ástfangið og að þau vildu þetta bæði. Nemendurnir náðu að greina vissar andstæður en greinilegt var að þeir hefðu viljað sjá meira krassandi klám. Í síðasta tímanum var farið í æfingu þar sem nemendur áttu að setja á blað hugtakið kynheilbrigði og skrá niður hugtök eða setningar sem tengjast því. Þetta var æfing sem var hugsuð út frá því að skoða heildarskilning þeirra á því efni sem búið var að fara yfir með þeim. Þau sameiginlegu hugtök sem komu fram hjá mörgum hópum voru ást, virðing, samskipti, getnaðarvarnir, öryggi og skynsemi en sumir nefndu einnig trúnað, náð samband og þekkingu. Mynd 1 sýnir hugmyndir eins hóps.



Mynd 1. Niðurstöður úr æfingu 8.3 um kynheilbrigði.

Við æfingavinnuna skráðu nemendur hugmyndir sínar á blöð en oft skreyttu þeir blöðin með alls kyns myndum. Farin var sú leið að velja niðurstöður úr nokkrum æfingum og myndir sem nemendur höfðu teiknað meðan á æfingavinnunni stóð og útbúa bækling sem nemendur fengu eftir að kennslunni lauk sem afrakstur vinnu sinnar í þessari forþrófun á kynfræðsluefninu.

Kostir kynfræðsluefnisins

Kennurum fannst æfingarnar almennt séð mjög gagnlegar og gekk yfirleitt vel að vinna þær með nemendum. Dæmisögnurnar í æfingunum reyndust vel. Af 23 æfingum reyndust 20 (87%) með mjög gott og gott mat. Alls voru 29 glærur lagðar til grundvallar en fimm voru ekki metnar því ekki reyndist nægur tími í kennslustund til að fara í þær. Af þeim 24 sem voru metnar reyndust þær allar með mjög gott eða gott mat.

Hópastarfið byggðist töluvert á því hverjir voru saman í hóp. Í langflestum tilvikum voru nemendur áhugasamir og yfirleitt tilbúnir að taka þátt í æfingunum og vinna vel úr þeim. Þeir voru áhugasamir að ræða saman og höfðu gaman af því að hlusta á svör frá öðrum krökkum. Æfingarnar reyndu á samskipti nemenda innan hópanna en einnig á hæfileika talsmanna þeirra til að greina frá niðurstöðum þeirra. Fram kom að talsmenn hópanna voru oft stoltir af hlutverki sínu. Æfingarnar vöktu

upp margar spurningar hjá nemendum. Var þeim svarað í tíma en einnig farin sú leið að safna saman spurningum og svara á netinu þar sem nemendur gátu lesið svörin þegar þeim hentaði (<https://uni.hi.is/ssb/unglingar/spurningar-og-svor/>). Kennurum fannst efnið mikilvægt fyrir þennan aldursþóp og skemmtilegt að nota þessa kennsluáðferð. Það fengi nemendur til að hugsa um efnið og tala saman um það.

Takmarkanir kynfræðsluefnisins

Helsti ókostur námsefnisins var að kennarar hefðu viljað hafa meiri tíma fyrir hverja æfingu til að geta haft betri umræður. Vegna þess að æfingarnar tóku mikinn tíma þá lentu kennararnir iðulega í tímahraki sem þýddi í sumum tilvikum að þeir slepptu einstaka æfingum og glærum. Erfitt reyndist að skipta nemendum í mismunandi hópa innan sömu kennslustundar og litlir þriggja manna hópar tóku of mikinn tíma þegar kom að kynningu niðurstaðna. Glæurnar þóttu ekki nógu líflegar og orðalag sumra æfinga var þannig að þær náðu ekki nógu vel til nemenda. Unglingarnir skildu til dæmis ekki hugtökin *lífsgildi*, *slagorð* og *að passa sig* og þurftu sérstaklega að útskýra þau. Það voru þrjár æfingar sem fengu lakara mat (3-5). Þetta voru æfingar 2.2., 3.3. og 8.2. og tengdist það erfiðleikum við að útskýra æfingar og að viðfangsefnið var of flókið miðað við þekkingu og þroska unglínganna. En þrátt fyrir þetta mat á æfingu 3.3. kom hún að ýmsu leyti vel út. Sumar æfingar þóttu vera of líkar og lagt var til að sameina þær (6.1 og 6.2). Stundum lentu kennarar í vandræðum með að koma ró á nemendur í bekknum eftir æfingar. Nokkuð var um fliss og óróa hjá nemendum í sumum bekkjunum sem hafði áhrif á framgang kennslunnar. Einstaka nemendur voru ekki virkir í hópunum. Einnig kom fram hjá sumum kennurum að það væri ókostur að þekkja ekki nemendur með nafni. Jafnframt komu upp tæknileg vandamál þannig að tölvan í einni kennslustofu reyndist of hæg til að sýna myndefni eða varpa upp glærum og var því þá sleppt þar sem athygli nemenda tapaðist.

Hugmyndir um úrbætur

Kennarar komu fram með ýmsar hugmyndir um úrbætur á námsefninu. Það sem skipti mestu máli var að fækka æfingum því betra væri að gefa hverri æfingu meiri tíma. Hver æfing kallaði á margar spurningar og kennurum fannst mikilvægt að hafa tíma til að svara þeim. Til að nýta tímann sem best þótti mikilvægt að koma skilaboðum um æfingarnar til nemenda á skilmerkilegan hátt. Í kennslunni var það gert með því að hafa æfinguna á litlum miðum sem hver hópur fékk. Einn kennari fór þá leið að setja æfingarnar á glæru og reyndist það honum vel. Vissir erfiðleikar komu fram við að koma nemendum í gang með æfingavinnuna sem tengdist því annars vegar hvornig æfingin var uppbyggð en hins vegar færni kennarans til að útskýra æfinguna. Ýmsir kennarar nefndu nauðsyn þess að útskýra æfingarnar betur áður en nemendur byrjuðu að vinna þær og jafnframt að útskýra vel hugtök sem þeir skildu ekki nógu vel. Einn þeirra nefndi kosti þess að fylgja fyrstu hópvinnum betur úr hlaði með glæru og smá umræðum um vinnuna í hópnum en slíkt hjálpaði til við hópinn sem fylgdi í kjölfarið. Til að auðvelda ferlið við að safna saman niðurstöðum úr hópnum var lagt til að velja nemanda sem hefði það hlutverk. Fram kom

að nemendur höfðu mikinn áhuga á umfjöllun um kynsjúkdóma og klám og var lagt til að eyða meiri tíma í umfjöllun um þessi efni.

UMRÆÐUR

Fjöldi rannsókna hafa verið gerðar á árangri af kynfræðslu þar sem lagðar eru til grundvallar mælingar fyrir og eftir kennsluna eða yfir lengri tíma (Henderson o.fl, 2007; Schaalma o.fl, 1996; Stephensen o.fl, 2008). Lítið fer fyrir rannsóknum (ferlismati) á inngripinu sjálfu (kynfræðslunni) og því getur verið erfitt að átta sig á árangri þess. Á Íslandi hefur það ekki verið gert áður. Ferlismatið var hluti af stærri rannsókn þar sem lagt var mat á námsefnið fyrir og eftir kennsluna og fjallað verður um það í annarri grein.

Áður fyrr var einkum rannsakað hvort kynfræðslan hefði áhrif á þekkingu og viðhorf. Í vaxandi mæli er farið að leggja áherslu á mikilvægi þess að ná árangri hvað varðar ábyrga kynhegðun unglíngsins (Kirby 2001, 2002, 2007). Viðamiklar fræðilegar samantektir Kirby á rannsóknum á árangri kynfræðslu í skólum hafa sýnt að eitt af þeim atriðum sem er mikilvægt til að ná árangri er kennsluáðferðin og hvornig hún virkjar nemendur. Þetta kynfræðsluefni KÍK sem hér var lagt til grundvallar byggist á því að virkja nemendur í kennslustund í stað þess að koma eingöngu til skila þekkingarlegum fróðleik. Kennsluáðferðin gerir aðrar kröfur til kennarans en hin hefðbundna kennsluáðferð sem er í formi fyrirlestra. Það reyndi töluvert á kennara að ná að stjórna æfingavinnunni og halda tímamörkum því æfingarnar sköpuðu fjöru umræðu. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að hópastarf er krefjandi (Ahmed o.fl, 2006; Mukoma o.fl, 2009). Í rannsókn sem gerð var 1993 meðal 60 íslenskra kennara á öllu landinu sem kenndu kynfræðslu í efstu bekkjum grunnskóla kom fram að þeim fannst mikilvægast að geta skapað traustvekjandi andrúmsloft (87,9%), geta tekist á við erfiðar spurningar (78,8%) og hlusta vel á unglíngana (72,2%) (Jóna Björg Pálsdóttir og Þorbjörg Harðardóttir, 1993). Segja má að með þessu námsefni hafi mikið reynt á það að takast á við spurningar nemenda og farnar voru ýmsar leiðir til að svara þeim bæði í kennslustund og á netinu. Langoftast áttu kennarar auðvelt með að leggja upp efnið og vinna með það en þó með undantekningum. Í sumum tilvikum mátti rekja þau vandkvæði til tímaskorts, innihalds æfinga, hvað bekkurinn var „lokaður“, tæknilegra vandamála eða vegna takmarkaðrar þjálfunar kennarans við að kynna æfingar og koma hugmyndum til nemenda. Þar sem kynfræðsla krefst töluverðrar undirbúningsþjálfunar kennarans og þeir kennarar sem komu að kennslunni höfðu mismikla fyrri reynslu af slíkri kennslu má ætla að það hafi haft áhrif. Í þessu ferlismati var ekki lagt mat á þennan undirbúning kennarans en slíkt hefur stundum verið gert (Ahmed o.fl, 2006). Annað mikilvægt atriði sem Kirby (2001, 2002) hefur lagt áherslu á er að námsefnið sé þess eðlis að það nái til unglíngsins og sé viðeigandi út frá menningu hans. Mikilvægur þáttur ferlismatsins var að átta sig á hugtökum sem ungu fólki eru töm, skilningi þess á efninu og hversu vel það næði til þess. Fram komu ýmsar spurningar um hugtök sem þurfti

að útskýra og hugmyndir unglínganna um klám voru ólíkar áherslum námsefnisins, fannst þeim til að mynda að myndir Alfreðs Flóka væru engan veginn að sýna klám. Umfjöllun um klám er vandmeðfarin vegna eðlis þess. Ein leið væri að sýna klám af netinu inni í kennslustund og taka það til gagnrýnnar umfjöllunar. Þessi nálgun gæti vakið upp neikvæð viðbrögð foreldra sem ekki vilja að börn sín horfi á slíkt. Einnig er skilningur okkar á klámi mjög einstaklingsbundinn og því er mjög mismunandi hvað hneykslar fólk. Myndir Alfreðs Flóka, sem hneyksluðu Íslendinga á sjöunda til níunda áratug síðustu aldar, eru ekki litnar sömu augum nú af ungu kynslóðinni. Hins vegar náðu nemendur að átta sig vel á þeim mikilvæga þætti er felst í frjálsu og óþvinguðu kynlífi og þegar einhver mismunur er jafnvel þvingun á sér stað.

Námsefnið byggist á hugmyndafræði um kynheilbrigði og seiglu og á kenningu um félagsnám. Mikilvægir efnisþættir kynheilbrigðis voru fléttaðir inn í allar kennslustundir og afrakstur þess mátti til dæmis sjá í lokaæfingunni sem nemendur unnu. Þar komu nemendur fram með margar góðar hugmyndir um hvað kynheilbrigði væri sem sýndi heilðrænan skilning þeirra á efninu. Í sambandi við seiglu áttu nemendur nokkuð auðvelt með að koma með hugmyndir um styrkleika sína. Jafnframt höfðu þeir góða vitneskju um það hvað fælist í sjálfstrausti. Að auki reyndu margar æfingar á að leita lausna og koma með tillögur og voru þeir að jafnaði úrræðagóðir (til dæmis æfingar 2.1, 3.1, 4.2). Í námsefninu eru sköpuð mörg tækifæri fyrir unglíngum til að skoða mikilvægi tjáskipta út frá ýmsum aðstæðum. Þeir áttuðu sig til dæmis vel á því hvað getur hindrað góð tjáskipti um kynlíf og smokkanotkun (Æfing 3.3). Ef lítið er til félagsnámskenningarinnar má vænta þess að nemendur hafi lært hvor af öðrum í hópastarfnum við að leysa verkefni og jafnvel fengið nýjar hugmyndir um lausn vandamála. Hópastarfið reyndi á samskiptin innan hópanna og ólík færni eins og að tjá sig, deila hugmyndum og taka tillit til hugmynda annarra. Nemendur voru ekki látnir meta hvernig þeir upplifðu hópastarfið en leystu vel af hendi verkefni sem fjölluðu um samskipti. Gagnlegt hefði verið að fá mat nemenda á hópastarfið.

Sá lærdómur sem draga má af ferlismatinu er að unglíngar hafa mikinn áhuga á kynfræðslu og því mikilvægt að ná til þeirra með fjölbreyttu og athyglisverðu námsefni. Það brenna á þeim margar spurningar sem þarf að svara. Það tekur tíma að vinna með nemendum í hópum og því þarf að huga betur að fjölda æfinga og fjölbreytni þeirra. Jafnframt þarf kennarinn að fá góða þjálfun í kennslu efnisins, uppbyggingu æfinga og úrvinnslu með nemendum. Við endurskoðun námsefnisins verður unnið úr hugmyndum bæði nemenda og kennara en í framhaldi af því er æskilegt að prófa það í nokkrum skólum.

Heimildir

- Ahmed, N., Flisher, A.J., Mathews, C., Jansen, S., Mukoma, W., og Schaalma, H. (2006). Process evaluation of the teacher training for an AIDS prevention programme. *Health Education Research*, 21 (5), 621-632.
- Al-Iryani, B., Al-Sakkaf, K., Basaleem, H., Kok, G., og van den Borne, B. (2010). Process evaluation of a three-year community-based peer education intervention for HIV prevention among Yemeni youth people. *International Quarterly Community Health Education*, 31 (2), 133-54.
- Arna Axelsdóttir, Álfríður Atladóttir, Heiða Sigríður Davíðsdóttir, Kristín Skúladóttir, Krístrún Þóra Ríkharrsdóttir, Rannveig Rúnarsdóttir og Sigríður Héðinsdóttir (1990). *Könnun á kynfræðsluefninu Lífsgildi og ákvarðanir*. Óbirt BS-ritgerð: Háskóli Íslands, Námsbraut í hjúkrunarfræði.
- Ásdís Olsen (2006). *Kynlíf. Kynfræðsla fyrir ungt fólk*. Kennsluleiðbeiningar. Sótt 30. janúar 2012 á http://www1.nams.is/kyn_torg/pdf.php?id=1.
- Bandura, A. (2004). Health promotion by social cognitive means. *Health Education Behavior*, 31, 143-164.
- Bandura, A. (2001). Social cognitive theory: An agentic perspective. *Annual Review of Psychology*, 52, 1-26.
- Bender, S.S., Juliusdóttir, S., Kristinsson, T., Briem, H., og Jonsdóttir, G. (2004). Iceland. *International Encyclopedia of Sexuality*. New York: Continuum.
- Bender, S.S., Geirsson, R.T., og Kosunen, E. (2003). Trends in teenage fertility, abortion and pregnancy rates in Iceland compared with other Nordic countries, 1976-99. *Acta Obstetrica et Gynecologica Scandinavica*, 82, 38-47.
- Brindis, C., og Davis, L. (1998). *Designing effective family life education programs*. Washingtonborg: Advocates for Youth.
- DiCenso, A., Guyatt, G., og Griffith, W.L. (2002). Interventions to reduce unintended pregnancies among adolescents: a systematic review of randomized controlled trials. *British Medical Journal*, 324, 1-9.
- Erla Ragnarsdóttir og Þórhalla Arnardóttir (2006). *Um stelpur og stráka. Kennsluleiðbeiningar. Kynfræðsla*. Sótt 30. janúar 2012 á http://www1.nams.is/kyn_torg/pdf.php?id=3.
- Forliti, J., Kapp, L., Naughton, S., og Young, L. (1991). *Kynfræðsla: Lífsgildi og ákvarðanir*. (Sóley S. Bender, ritstjóri, Bogi Arnar Finnbogason, þýðandi). Reykjavík: Námsgagnastofnun (Upphafleg útgáfa 1985).
- Future of Sex Education (FoSE) (2011). *National sexuality education standards*. Sótt 1. febrúar 2012 á <http://www.futureofsexeducation.org/documents/josh-fose-standards-web.pdf>.
- Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið (2001). *Heilbrigðisáætlun til ársins 2010*. Reykjavík: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
- Henderson, M., Wight, D., Raab, G.M., Abraham, C., Parkes, A., Scott, S., o.fl. (2007). Impact of a theoretically based sex education programme (SHARE) delivered by teachers on NHS registered conceptions and terminations: final results of cluster randomised trial. *British Medical Journal*, 334, 133. DOI:10.1136/bmj.39014.503692.55.
- International Planned Parenthood Federation (IPPF). (2010). *IPPF framework for comprehensive sexuality education*. Sótt á <http://www.ippf.org/NR/rdonlyres/CE7711F7-C0F0-4AF5-A2D5-1E1876C24928/0/Sexuality.pdf>
- Jóna Björg Pálsdóttir og Þorbjörg Harðardóttir (1993). *Könnun á hvernig kynfræðslu er háttað í efri bekkjum grunnskóla út frá sjónarhóli kennara*. Óbirt BS-ritgerð: Háskóli Íslands, Námsbraut í hjúkrunarfræði.
- Kirby, D.B., Laris, B.A., og Roller, L.A. (2007). Sex and HIV education programs: Their impact on sexual behaviors of young people throughout the world. *Journal of Adolescent Health*, 40, 206-217.
- Kirby, D.B. (2002). Effective approaches to reducing adolescent unprotected sex, pregnancy and childbearing. *The Journal of Sex Research*, 39 (1), 51-57.
- Kirby, D.B. (2001). *Emerging answers. Research findings on programs to reduce teen pregnancy*. Washingtonborg: The National Campaign to Prevent Teen Pregnancy.
- Landlæknisembættið. (2012). Tilkynningaskýldir sjúkdómar. Sótt á <http://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/smitsjukdomar/tilkynningaskyldir-sjukdomar/>.
- Landlæknisembættið (2010). [Úrtak gagna um fóstureyðingar úr heilbrigðisskrá landlæknis], Óbirt gögn.
- Linnan, L., og Steckler A. (2002). Process evaluation and public health interventions: An overview. Í A. Steckler og L. Linnan (ritstj.), *Process evaluation in public health interventions and research*. San Francisco: Jossey-Bass Publishers.
- Lou J-H., og Chen, S-H. (2009). Relationships among sexual knowledge, sexual attitudes, and safe sex behaviour among adolescents: A structural equation model. *International Journal of Nursing Studies*, 46, 1595-1603.
- Mukoma, W., Flisher, A.J., Ahmed, N., Jansen, S., Mathews, C. Klepp, K-L., og Schaalma, H. (2009). Process evaluation of a school-based HIV/AIDS intervention in South Africa. *Scandinavian Journal of Public Health*, 37 (Suppl 2), 37-47.
- Rew, L., og Horner, S.D. (2003). Youth resilience framework for reducing health-risk behaviors in adolescents. *Journal of Pediatric Nursing*, 18 (6), 379-388.
- Robinson, B.B.E., Bockting, W.O., Rosser, B.R.S., Miner, M., og Coleman, E. (2002). The sexual health model: application of a sexological approach to HIV prevention. *Health Education Research*, 17 (1), 43-57.

- Schaalma, H.P., Kok, G., Bosker, R.J., Parcel, G.S., Peters, L., Poelman, J., o.fl. (1996). Planned development and evaluation of AIDS/STD education for secondary school students in the Netherlands: Short-term effects. *Health Education Quarterly*, 23 (4), 469-487.
- Sexuality Information and Education Council of the United States (SIECUS). (2004). *Guidelines for comprehensive sexuality education*. Sótt á http://www.siecus.org/_data/global/images/guidelines.pdf.
- Sóley S. Bender. (2010a). *Kynveruleiki í ljósi kynheilbrigðis*. Óútgefið handrit.
- Sóley S. Bender. (2010b). *Kynhegðun unglinga*. Óútgefið handrit.
- Steinunn Agnarsdóttir. (1994). *Próun kynfræðslunnar út frá sjónarhóli hjúkrunarfræðinga*. Óbirt BS-ritgerð: Háskóli Íslands, Námsbraut í hjúkrunarfræði.
- Stephenson, J., Strange, V., Allen, E., Copas, A., Johnson, A., Bonnell, C., o.fl. (2008). The long long-term effects of a peer-led sex education programme (RIPPLE): A cluster randomized trial in schools in England. *PLoS Medicine* 5 (11:e224), 1579-1590.
- Talashak, M.L., Norr, K.F., og Dancy, B.L. (2003). Building teen power for sexual health. *Journal of Transcultural Nursing*, 14 (3), 207-216.
- Thompson, R.A. (2006). *Nurturing future generations*. London: Routledge.
- Tolman, D.L., Striipe, M.I., og Harmon, T. (2003). Gender matters: Constructing a model of adolescent sexual health. *Journal of Sex Research*, 40 (1), 4-12.
- United Nations, Educational, Scientific and Cultural Organization (UNESCO). (2009). *International guidelines on sexuality education*. Sótt á <http://www.unhcr.org/refworld/docid/4a69b8902.html>.
- Wilkenmann, C., og Ketting, E. (2011). Standards for sexuality education in Europe. *Entre Nous*, 72, 14-16.

Átt þú sumarhús sem þú vilt leigja ?



Orlofssjóður óskar eftir að leigja nýleg, vel búin orlofshús víðs vegar um landið. Húsin þurfa að geta hýst 6-8 manns. Leigutími er 10 – 12 vikur í júní, júlí og ágúst sumarið 2013. Nánari upplýsingar gefur Guðrún Andrea Guðmundsdóttir fulltrúi, í síma 540 6400 og með tölvupósti: gudrung@hjukrun.is